

263. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins mánudaginn 29. júní 2009, kl.7.30

Mættir eru:

Herdís Sigurjónsdóttir, Guðfinna Guðmundsdóttir, Páll Hilmarsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Þór Sigurgeirsson, Sigurbjörn Rafn Úlfarsson, Ómar Stefánsson.
Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P.Hjarðar og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Lyktarmál í Álfsnesi.

Lagt fram og kynnt minnisblað með tillögum vegna lyktarverkefnis í Álfsnesi og nágrenni.

Bjarni G.P. Hjarðar kynnir efni minnisblaðsins dagsett 25. júní 2009. Málið rætt. Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni falið að kynna tillögurnar fyrir bæjarstjórn Mosfellsbæjar og fulltrúum íbúasamtaka.

2. Gjaldskrá

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað vegna gjaldskrár dagsett 24. júní 2009.

Málið rætt. Vísitala gjaldskrár helst óbreytt, miðað við núgildandi gjaldskrá, frá 1. júlí 2009.

Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri endurskoði verð eftirtalinna vörunúmera mánaðarlega. Forsendur verðbreytinga skulu kynntar á næsta fundi stjórnar eftir verðbreytingar.

VÖRUNÚMER:

- 312 *Dagblöð og tímarit*
- 333 *Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðjum*
- 334 *Sléttur pappi (án úrvinnslugjalds)*
- 335 *Bylgjupappi (án úrvinnslugjalds)*
- 341 *Umbúðir úr sléttum pappa*
- 390 *Filmuplast (litað)*
- 391 *Plastumbúðir*
- 394 *Heyrúlluplast*
- 395 *Hjólbarðar*
- 397 *Filmuplast (glært)*
- 398 *Umbúðir úr bylgjupappa*

3. Ábyrgðargjald á urðunarstað í samræmi við lagaákvæði.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 26. júní 2009 vegna ábyrgðartryggingar vegna urðunar og mögulegan kostnaðarauka í rekstri urðunarstaðar vegna lagaákvæða.
Málinu frestað til næsta fundar.

4. Dómur Evrópudómstólsins um samvinnu sveitarfélaga um úrgangsmál.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir minnisblað dagsett 26. júní 2009 vegna dóms frá Evrópudómstólnum (European Court of Justice) vegna samvinnu sveitarfélaga á sviði úrgangsmála.

5. Önnur mál.

- a) Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson spyrst fyrir um Gæðahandbók/Rekstrarhandbók og gæðakerfi það sem SORPA vinnur eftir.
Framkvæmdastjóri upplýsir.
- b) Framkvæmdastjóri upplýsti að sviðsmyndir framtíðarfundar SORPU bs yrðu lagðar fram á næsta fundi stjórnar.

Næsti fundur verður mánudaginn 31. ágúst 2009 kl. 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Herdís Sigurjónsdóttir
Páll Hilmarsson
Sigurbjörn Rafn Úlfarsson
Guðfinna Guðmundsdóttir
Björn H, Halldórsson

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Ómar Stefánsson
Þór Sigurgeirsson
Bjarni Hjarðar